

Saga Grunnskóla Grindavíkur

Árið 1887 hlutaðist Oddur V. Gíslason prestur og framfaramaður til um að útgerðamenn og sjómenn gæfu hlut í afla til að stuðla að skólastarfi og menntun í Grindavík. Fengust fyrir það 120 kr. Nokkuð vantaði upp á að það dygði fyrir skólahaldi. Brá hann á það ráð að rita hinum háu Stiftisyfirvöldum að fá jafnmikinn styrk á móti og var það samþykkt.

Ráðinn var Realstúdent Pétur Guðmundsson til starfans og hófst eiginleg skólakennsla þann 2. október 1888. Til að byrja með var kennt á þremur stöðum, Stað, Garðhúsum og á Hrauni, ein vika í senn á hverjum stað. Til samanburðar má nefna að skólaárið var samtals 18 vikur miðað við 38 vikur í dag.

Eins og gefur að skilja gekk ekki til lengdar að hafa húsnæðismál í þessum farvegi. Fyrsta skólahúsnæði var reist árið 1904 að Víkurbraut 11. Það var reyndar einnig samkomuhús og gekk til að byrja með undir nafninu Templarinn en seinna var það kallað Mánaborg og gegndi ýmsum hlutverkum.

Annar áfangi var tekinn í notkun árið 1913. Það var í húsnæði við Víkurbraut. Það var síðan árið 1948 sem skólinn fór í það húsnæði sem hann er að hluta til enn í. Reist var glæsileg bygging með íþróttahúsi áföstu við skólann. Þótti það mikið framfaraskref. Bæjarbúar voru þá um 500 sem er svipaður fjöldi og mest hefur verið í skólanum á seinni tímum.

Þegar skólinn var vígður voru nemendur 86 og kennt var í fjórum bekkjardeildum. Smám saman fjölgaði bekkjardeildum og árið 1964 voru þær orðnar 7, ein deild fyrir hvern árgang í skólanum. Í framhaldi af nýjum grunnskólalögum árið 1974 var nafni skólans breytt úr Barnaskóla Grindavíkur í Grunnskóla Grindavíkur. Núna eru í skólanum 10 árgangar og jafnaði þrír bekkir í hverjum árgangi.

Húsnæðið við Skólabraut og seinna Ásabraut hefur tekið breytingum í gegnum tíðina. Fyrst var reist ný álma við skólann til austurs og var hún tekin í notkun árið 1970. Næsta var byggt ofan á þá álmu og var sú bygging tekin í notkun árið 1987. Enn var byggt við skólann árið 2000. Þá um haustið var strax ljóst að skólahúsnæðið var of lítið og á næstu tveimur árum bættust við fjórar lausar kennslustofur.

Ákveðið var að byggja annan skóla og var þeirri byggingu valinn staður í Hópshverfi sem þá var að byggjast upp. Hópsskóli tók síðan til starfa í janúar 2010 sem sjálfstæð eining en strax um haustið var tekin ákvörðun um að skólarnir tveir myndu starfa undir sama nafni, Grunnskóli Grindavíkur. Félagsmiðstöðin þruman starfar í skólahúsnæðinu við Ásabraut.

Haustið 2014 var tekin í notkun nýbygging Tónlistarskóla og bókasafns en byggingin er reist þar sem gamli íþróttasalurinn var og tengist við byggingu Grunnskólans á Ásabraut.

Haustið 2020 hófst framkvæmd við viðbyggingu við Hópsskóla. Í því húsnæði verða 8 kennslustofur auk smærri kennslurýma og opins svæðis.